

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð í landi Tungufells í Árnessýslu.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 140 000 sumaralinna seiða (5 gramma) eða allt að eins tonna ársframleiðslu.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnarsvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.4. Um umgengisreglur, sóttþreinsun og meðferð sýkra og sjálf dauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.
- 1.5. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.6. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigði eða tilveru náttúrlegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.
- 1.7. Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað: Framleiðslumagn, fódurnotkun og fódurgerð, meðal vatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttþreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Til að draga úr hugsanlegri smíthættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrlegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálf dauður fiskur berist ekki með frárennslinu.
- 2.2. Skólp frá salernum og hreinlætisadstöðu skal leitt í rotþró og þaðan um eiturleiðslu.
- 2.3. Vegna þess að magn mengunarefna í frárennsli stöðvarinnar er mjög lítið er gert ráð fyrir litlum áhrifum frárennslisins á lífríki lækjarins sem það er leitt í. Vegna þess, er fyrst um sinn ekki talin þörf á hreinsun. Stöðinni er þó skylt að setja upp hreinsibúnað þegar í stað, þegar Hollustuvernd ríkisins gerir kröfu um það.

3. Gjaldskrá.

Samkvæmt reglugerð nr. 390/1985 skal stöðin árlega greiða eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá á hverjum tíma. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Eftirlit þetta er með tvennum hætti: Annars vegar beint eftirlit sjálfs fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar

niðurstöður úr og flokkar og metur (sbr. lið 1.7.). Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka samkvæmt gjaldskránni. Tungufell, Árnæssýslu flokkast í 4. flokk.

Eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins verður samkvæmt 3. gr. gjaldskrár vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja nr. 355/1986.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 596/1987, um uppgjör á innheimtu staðgreiðslufé.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bráðabirgðaskil til hvers sveitarfélags skulu ákveðin með eftirfarandi hætti: Útsvarsstofn hvers sveitarfélags við álagningu 1987 (tekjuár 1986) skal framreiknaður með stuðlinum 1,74.

Hinn framreiknaði stofn skal síðan margfaldaður með útsvarsprósentu í staðgreiðslu fyrir 1988, 6,7%, og þannig fundið til viðmiðunar áætlað útsvar hvers sveitarfélags sem koma ætti til innheimtu í staðgreiðslu vegna ársins 1988.

Áætlun fyrir hvert sveitarfélag skal margfölduð með umsömdu hlutfalli og fundin bráðabirgðainnborgun ríkissjóðs fyrir hvern mánuð. Hlutföll þessi ákveðast sem hér segir: Í apríl 1988 sem samsvarar 8,25% af áætlun samkvæmt þessari grein. Í maí 1988 sem samsvarar 7,81% af áætlun samkvæmt þessari grein. Í júní 1988 sem samsvarar 7,81% af áætlun samkvæmt þessari grein. Hlutfall hvers mánaðar er hið sama fyrir öll sveitarfélög.

2. gr.

2. og 3. másl. 3. gr. orðist svo:

Hver mánaðarinnborgun skal innt af hendi í fjórum hlutum, nema í apríl, þá eru skiladagar tveir. Skiladagar verði í apríl hinn 15. og 25., en í maí og júní hinn 4., 11., 18. og 25. eða næsta virkan dag á eftir.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast gildi 15. apríl 1988 og gildir til 30. júní 1988.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Porláksson.